

Velferðarráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Akureyri 13. desember 2018

### **Efni: ábendingar við drög að heilbrigðisstefnu til ársins 2030.**

Sjúkrahúsið á Akureyri lýsir yfir ánægju sinni með að leggja eigi fram heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Hér að neðan eru nokkrar ábendingar um það sem sett hefur verið fram í drögunum eða ætti að vera þar að mati framkvæmdastjórnar Sjúkrahússins á Akureyri.

#### **Ábending 1.**

Í drögum að heilbrigðisstefnunni er gert ráð fyrir að eitt háskólasjúkrahús sé á landinu og eitt kennslusjúkrahús. Í núverandi lögum er kveðið á um að LSH sé háskólasjúkrahús og Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk) sé kennslusjúkrahús en báðum ber að stunda vísindarannsóknir lögum samkvæmt.

Sjúkrahúsið á Akureyri hefur sett það sem eitt af stefnumálum sínum að verða háskólasjúkrahús. Í því endurspeglast metnaðarfull stefna um skipulag og eflingu vísindastarfs.

Staðreyndin er að sífellt fleiri heilbrigðisstarfsmenn ljúka nú meistara og doktorsnámi eða öðru akademísku framhaldsnámi eftir að grunnháskólanámi þeirra lýkur. Við sem heilbrigðisstofnun verðum að aðlaga okkur að þessum veruleika og gefa þeim einstaklingum sem það kjósa tækifæri að sinna rannsóknum og kennslu samhliða klínískri vinnu með því að skapa starfsumhverfi þar sem þessir einstaklingar vilja starfa í. Auk þess er þetta lóð á okkar vogaskál við að laða fólk til starfa.

Að skilgreina SAK sem háskólasjúkrahús skapar breiðari gunn fyrir faglega og trausta klíníska þjónustu auk þess að efla faglegt samstarf við Háskólann á Akureyri (HA) sem og aðra háskóla. Það skapar einnig tækifæri til að fara nýja leiðir til menntunnar heilbrigðisstarfsfólks m.a. til að manna heilbrigðisþjónustu um land allt. HA fékk nýlega heimild til að bjóða upp á doktorsnám m.a. á fræðasviðum heilbrigðisvísinda.

Stjórnendur SAK telja að setja megi stefnuna fram með þeim hætti að gert sé ráð fyrir þeim möguleika að hér geti verið fleiri en eitt háskólasjúkrahús á komandi árum en ávallt er einvörðungu talað um háskólasjúkrahúsið. Í stefnudrögunum kemur fram að starfsfólk á opinberum heilbrigðisstofnunum skuli hafa möguleika á að starfa við vísindavinnu eða gæðaverkefni í ákveðinn tíma á ári. Einnig að heilbrigðisstofnanir séu eftirsóttir vinnustaðir og starfsumhverfi þar sem m.a. er unnið að þróun þekkingar.

*Það væri því eðlilegra að stefnan sé sett fram með þeim hætti að mögulegt sé að fleiri en eitt háskólasjúkrahús séu á landinu.*

#### **Ábending 2.**

Á bls. 20 segir svo „Skilgreina þarf hvaða þjónustu ríkið ætlar að kaupa af sérgreinalæknum og hvaða þjónustu eigi eingöngu að veita á fyrsta stigi heilbrigðisþjónustunnar. Einnig þarf að skilgreina hvaða þjónusta sérgreinalækna skuli veitt inni á háskólasjúkrahúsi. ...“

Sérgreinalæknar veita einnig þjónustu á SAK og því eðlilegt að í stað háskólasjúkrahúsi komi; ... skuli veitt á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri.

### Ábending 3.

Á bls. 22 eru talin upp atriði undir: Hver er staðan 2030.

Hér ætti að bæta við nýjum lið; *Byggingu legudeilar við Sjúkrahúsið á Akureyri er lokið.*

### Ábending 4.

Í kaflanum Fólkið í forgrunni á bls. 24 eru talin upp atriði undir: Hver er staðan 2030.

Þar er liður um að heilbrigðisstofnanir séu eftirsóttir vinnustaðir og þekktir fyrir gott starfsumhverfi og góð samskipti. Hér mætti bæta inn orðinu heilsueflandi. Setningin væri þá þannig; *Heilbrigðisstofnanir eru heilsueflandi og eftirsóttir vinnustaðir, þekktir fyrir gott starfsumhverfi og góð samskipti.*

### Ábending 5.

Á bls. 31 og 32 er fjallað um gæði og öryggi þjónustunnar.

*Hér mætti marka stefnu um að sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir og aðrir veitendur heilbrigðisþjónustu hafi og viðhaldi viðurkenndri gæðavottun 2030.*

### Ábending 6.

Í kaflanum Hugsað til framtíðar er á bls. 34 segir svo m.a. „...Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu skulu Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri stunda vísindarannsóknir á heilbrigðisviði. ...“ Síðar á sömu bls. segir „...Ein af forsendunum fyrir eflingu vísindastarfs er að lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk háskólasjúkrahússins fái tíma og aðstöðu til þess að sinna vísindastarfi við hlið klínískrar vinnu og kennslu.“

Í þessu samhengi væri eðlilegara að segja; *Ein af forsendunum fyrir eflingu vísindastarfs er að lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk Landspítalans og Sjúkrahússins á Akureyri fái tíma og aðstöðu til þess að sinna vísindastarfi við hlið klínískrar vinnu og kennslu.*

### Ábending 7.


Í dæmi um aukið samstarf við erlenda háskóla um framhaldsmenntun á bls. 35 *vantar að setja inn nafn Sjúkrahússins á Akureyri sem samstarfsaðila.* Sjúkrahúsið er skv. samningi aðili að þessu samstarfi.

### Ábending 8.

Í kaflanum Stefna í framkvæmd 3. mgr. er fjallað með hvaða hætti unnið að málum þeirra greina heilbrigðisþjónustunnar sem drögin að heilbrigðisstefnunni taka ekki fyrir.

*Stjórnendur SAK telja að umfjöllun um endurhæfingu og hjúkrunarheimili ætti að vera í þessari heilbrigðisstefnu þar sem þessir þættir hafa mikil áhrif á notkun og nýtingu þeirra greina heilbrigðisþjónustu sem drögin að heilbrigðisstefnunni ná til. Einnig ætti að vera umfjöllun um sjúkraflutninga / utanspítalaþjónustu.*

Virðingarfyllst f.h. Sjúkrahússins á Akureyri



Bjarni Jónsson, forstjóri